

# Rannsóknaráætlun fyrir ferðamennsku og umhverfi á Íslandi

2012-2020

Í *Sóknaráætlun 20/20* fyrir Ísland er ferðaþjónustan nefnd í öllum landshlutum sem lykill að uppbyggingu til framtíðar. Til undirbúnings þeirri framtíð þarf að byggja upp traustan grunn til að styðja við frekari þróun. Er sú áætlun sem hér er tekin saman að neðan, ein þriggja er varðar áherslur í þekkingaruppbyggingu fyrir ferðaþjónustu. Þessi snýr að samspili umhverfis og ferðaþjónustu og hvaða þekkingu er þörf fyrir á þeim vettvangi. Hinar fjalla um hagræn áhrif ferðaþjónustu og um ferðamennsku, menningu og samfélag. Heildarsýn og skipulag í rannsóknum fyrir atvinnugreinina skortir, en eins og er starfar fjöldi ólíkra einstaklinga innan ýmissa fræðasviða háskóla, stofnanna og fyrirtækja að rannsóknum sem snerta ferðamál. Áætlanirnar þrjár hafa það markmið að samhæfa rannsóknir og skapa yfirsýn með því að byggja upp net samvinnu og samstarfs milli hinna ólíku fræðasviða og stofnanna.

## INNGANGUR

Íslensk ferðaþjónusta byggir afkomu sína fyrst og fremst á umhverfi og náttúru Íslands. Umhverfismál hljóta stöðugt meiri hljómgrunn innan greinarinnar. Í þingsályktunartillögu um ferðamál frá árinu 2010 eru tilgreindir fjórir flokkar meginmarkmiða ferðaþjónustu á Íslandi. Í fyrsta flokki, sem tekur á innviðum og grunngerð er sagt:

- Íslensk náttúra er auðlind ferðaþjónustunnar. Mikilvægt er að byggja upp, vernda og viðhalda ferðamannastöðum um allt land. Stjórnvöld og hagsmunaaðilar sameinist um leiðir til að fjármagna slíkar umbætur.
- Uppbygging innviða ferðaþjónustunnar miði að því að vernda náttúru Íslands og ferðamálaáætlun stefni að því að innleiða hugarfar sjálfbærni og ábyrgðar á náttúru og menningu landsins.

Samkvæmt þingsályktunartillögunni skal áhersla lögð á að skilgreina og viðhalda sérstöðu Íslands sem áfangastaðar ferðamanna, m.a. með öflugum greiningar- og rannsóknarstarfi.

Aðalaðdráttarafl íslenskrar ferðaþjónustu er tvímælalaust náttúra landsins. Þessi áætlun spyr í grunnin hvaða áhrif ferðaþjónusta er að hafa á hið náttúrulega umhverfi? Við sjáum á einstökum stöðum hvernig traðk og mikill fjöldi ferðafólks er byrjaður að spilla ásýnd, t.d. við Gullfoss og Goðafoss, en báðir hafa prýtt forsíður landkynningarbæklings Ferðamálastofu. Rusl og frárennsli eru orðin meiriháttar mál á mörgum stöðum og á Hveravöllum kláraðist drykkjarhæft vatn sumarið 2010. Hvernig bregst náttúra landsins við auknum ágangi ferðafólks, hvar þolir hún ágang og hvar ekki? Sem dæmi má spyrja hvort það hafi verið skynsamlegt að gefa út bók sem gefur upp hvar flestar heitar laugar eru á landinu. Er búið að kanna hvort nægilega streymi í gegnum þær til að þær hreinsi sig við aukið álag, líkt og kröfur eru um í heitapotum landsmanna? Hvað þola einstakir staðir einfaldlega af ágangi og hvað þarf að gera til að bregðast við? Vandinn hér er ekki aðeins þekkingarleysi okkar á hvað umhverfi einstakra áfangastaða þolir, heldur og hvað viðbrögð við áganginum myndu þýða fyrir þá upplifun sem ferðafólk sækist eftir. Ferðavaran snýst um upplifun og þar sem við vitum harla

lítið um hvað einstakir hópar ferðafólks á einstökum stöðum telja til jákvæðra viðbragða við einhverskonar umhverfisvanda, er ekki víst að viðbrögð skili ætluðum árangri fyrir ferðapjónustu svæðisins. Til að þau markmið og leiðir sem liggja til grundvallar Ferðamálaáætlun 2011-2020 náist er hins vegar ljóst að grunnrannsóknir þarf að efla til mikilla muna og það sagt berum orðum í áætluninni.

#### MARKMIÐ

Þessi áætlun tekur til fjölbreyttra rannsókna sem lúta að ferðamennsku og umhverfi á Íslandi. Markmið hennar er að efla þekkingu á hvernig háttá skal nýtingu umhverfis á sjálfbæran hátt í þágu ferðamennsku. Rannsóknir verða eflar með því að skýra og afmarka rannsóknarsviðið, skapa farveg fyrir samstarf ólíkra fræðasviða gegnum stofnun tengslaneta einstaklinga og stofnanna og samþætta rannsóknir. Með eflingu rannsókna verða fræðin treyst í sessi og nýtt til styrkingar megin auðlindar atvinnugreinarinnar, forsendur fagmennsku treystar, gæðaviðmið þróuð og menntun eflid.

#### GILDI

Þessi rannsóknaráætlun styrkir fræði og framkvæmd með því að tengja saman rannsóknir og þarfir atvinnugreinarinnar.

Hún hefur gildi fyrir ferðamálafræðin með því að:

- samhæfa rannsóknaráherslur
- skapa aðgengi að þeirri þekkingu sem þegar hefur verið búin til
- nýta betur fjármagn og mannauð til rannsókna
- efla dreifingu rannsóknaniðurstaðna
- hvetja til frekari rannsókna
- þétta raðir þeirra sem stunda rannsóknir á ferðamennsku og umhverfi
- efla samstarf innlendra og erlendra fræðimanna
- skapa grundvöll heildar landnýtingaráætlunar fyrir ferðamennsku

Áætlunin hefur gildi fyrir atvinnugreinina með því að:

- auka við þekkingu á sviðum umhverfis og ferðamennsku
- bæta skipulag og landnýtingu umhverfis
- skapa efnivið til vöruþróunar og stefnumótunar
- veita innsýn í málefni markaðssetningar og kynningar
- efla fagmennsku í markaðssetningu umhverfis
- hvetja til bestu mögulegu vinnubragða við verndun og nýtingu umhverfisins
- þróa fagmennsku og skapa ný störf
- búa til samræðuvettvang ferðapjónustu og ferðamálafræða

#### ÁHERSLUR OG LYKILRANNSÓKNIR

Til að ná markmiðum áætlunarinnar eru skilgreindar fjórar megináherslur í rannsóknnum, en innan hvernar eru nefnd rannsóknarefni sem eru hvað efst á baugi.

1. Þolmörk ferðamennsku
  - Áhrif ferðamennsku á umhverfi
  - Upplifun ferðamanna á umhverfi
  - Mat ósnortinna víðerna
  - Kortlagning og samþætting upplifunar, náttúruvafars og grunngerðar
  
2. Skipulag og stjórnun ferðamennsku
  - Landnýtingaráætlun ferðamennsku
  - Heildarskipulag friðlýstra svæði m.t.t. ferðamennsku
  - Greining hagsmunatengsla (e. *complexity of stakeholders*) mismunandi landnýtingar
  - Greining á gildi landslags fyrir ferðamennsku
  - Ferðamennska og landfræðileg upplýsingarkerfi (LUK)
  - Þróun og hönnun ákvörðunarkerfis til uppbyggingar og stýringar sjálfbærrar ferðamennsku
  - Gæðastjórnun í ferðaþjónustu
  - Umhverfisstjórnun í ferðaþjónustu
  - Öryggismál í ferðaþjónustu
  
3. Sjálfbær ferðamennska
  - Visthæf ferðamennska (e. *eco-tourism*)
  - Ferðamennska og þjóðgarðar
  - Ferðamennska og loftslagsbreytingar
  - Markaðssetning umhverfis
  - Þróun og uppbygging áfangastaða
  
4. Náttúruferðamennska í viðkvæmri náttúru
  - Nýsköpun í ferðaþjónustu byggð á náttúruauðlindum
  - Nýting landbúnaðar í þágu ferðamennsku
  - Nýting sjávarútvegs í þágu ferðamennsku
  - Fuglaskoðun
  - Veiði í ám, vötnum og á sjó
  - Skotveiðitengd ferðaþjónusta
  - Akadémísk ferðaþjónusta í þágu umhverfis
  - Víðernisferðamennska
  - Árstíðabundin ferðamennska

#### UMSJÓN OG SKIPULAG

Rannsóknamiðstöð ferðamála hýsir og hefur umsjón með áætluninni með ráðningu sérstaks verkefnisstjóra sem henni sinnir. Setrið mun halda utan um upplýsingar og útgefið efni í samvinnu við gagnamiðstöð Ferðamálastofu og hefur umsjón með bókhaldi og fjárreiðum áætlunarinnar og rannsóknum sem heyra beint undir setrið. Rannsóknamiðstöð ferðamála mun halda utan um og fjármagna fimm langtíma rannsóknir sem nauðsynlegar eru til að byggja traustan grunn frekari rannsókna skilgreindar í áherslum hér að ofan. Þær taka til:

- *Rannsókn á þolmörkum ferðamennsku*

Þolmörk ferðamennsku eru talin með mikilvægustu rannsóknum sem þarf að ráðast í íslenski ferðaþjónustu. Samtök ferðaþjónustunnar, Lykilfólk hjá Umhverfisstofnun, Ferðamálastofa og Ferðamálaáætlun 2011-2020 ásamt tengdum stefnumótunar skjölum, s.s. stefnumörkun Íslands um sjálfbæra þróun, leggja mikla áherslu á áframhaldandi rannsóknir á þolmörkum áfangastaða. Tilgangur þessara rannsókna felst í að þróa áfram aðferðir til að meta þolmörk ferðamennsku í mismunandi umhverfi. Markmið með þeim er að búa til grunn undir heildar landnýtingaráætlun ferðamennsku

Lokið á fyrstu þremur árum áætlunar.

- *Uppbyggingu landfræðilegs gagnagrunns*

Landfræðilegar upplýsingar um ferðamennsku og umhverfi eru mjög takmarkaðar hér á landi og ekki til á einum stað. Mikilvægt er að safna öllum tiltækum gögnum á einn stað, greina þau og gera þau aðgengileg í landfræðilegum upplýsingakerfum.

Lokið á fyrstu þremur árum áætlunar.

- *Vinnu að gerð landnýtingaráætlunar fyrir ferðamennsku, annars vegar á hálendinu og hins vegar landinu í heild.*

Byggt á grunni þolmarkarannsóknar verður ráðist í gerð landnýtingaráætlunar. Fyrsti áfangi hennar er áætlun fyrir hálendið sem að einhverju marki má segja að sé lokið með gerð Rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðhita haustið 2012. Byggt á aukinni reynslu og þekkingu af vinnu á hálendinu verður ráðist í gerð sambærilegrar áætlunar fyrir aðra landshluta, t.d. í samhengi við kortlagningu auðlinda ferðaþjónustu.

Þessi rannsókn verður unnin í kjölfar þolmarka rannsókna.

- *Sjálfbær ferðamennska.*

Unnið að þróun aðferða til að leggja mat á landgæði sem henta sjálfbærri ferðamennsku. Í því tilliti eru skoðaðar ólíkar markaðssyllur (e. *niches*), s.s. visthæf-, ævintýra- og ferðamennska í dreifbýli.

Rannsóknarverkefni unnin á hverju ári.

### *5. Náttúruferðamennsku*

Úttekt á stöðu og uppbyggingu náttúruferðamennsku og möguleikum nýsköpunar í nýtingu náttúruauðlinda.

Rannsóknarverkefni unnin á hverju ári.

Rannsóknarhópar verða skipulagðir, sem verða opnir öllum sem sinna rannsóknum á ofangreindum áherslusviðum. Kjarni hvers hóps munu verða fulltrúar háskóla og fræðasetra sem eiga aðild að samstarfssamningi og hafa skrifað undir viljayfirlýsingu þar um. Hlutverk þeirra sem verða í kjarna hvers hóps er að laða að fræðafólk og nemendur, skipuleggja miðlun á efni rannsókna, miðla þeim og efna til frekara rannsóknarsamstarfs til framtíðar.

Allar niðurstöður rannsókna sem unnar verða samkvæmt þessari áætlun verða öllum opnar í gegnum stafrænan gagnagrunn.

#### ÚTGÁFUR OG AFRAKSTUR

Til þess að treysta forsendur umhverfismála í uppbyggingu ferðaþjónustu, þróun gæðaviðmiða, fræðimennsku og nýsköpunar í greininni verða eftirfarandi áherslur hvað varðar afrakstur:

- Fræðigreinar í íslenskum og erlendum fræðiritum
- Rannsóknarskýrslur
- Landfræðilegur gagnagrunnur
- Kort og skipulagsuppdrættir
- Ráðstefnur og kynningarfundir
- Samráð og samstarf við hagsmunaaðila um land allt
- Þróun gæðaviðmiða, s.s. staðla, gátlista og viðurkenningar